

Ed.

248. Lög

um kenslu heyrnar- og málleysingja.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Foreldrum og forráðamönnum daufdumbra barna skal skylt að senda þau til uppfraeðslu í Daufdumbraskóla landsins það haust, sein þau eru 8 ára, nema sönnur sjeu færðar á það fyrir yfirstjórn fræðslumála, að þeim verði veitt jafngóð kensla og uppeldi á annan hátt, og skulu börnin vera í skólanum til 17 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi fyrir eða yfirstjórn fræðslumálanna þyki af öðrum ástæðum rjett að láta þau fara fyrir frá skólanum, en það skal að jafnaði gert, ef barnið reynist óhæft til náms eða hæft til að njóta kenslu í öðrum skóla.

Ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, getur yfirstjórn fræðslumála veitt undanþágu frá framangreindu ákvæði um aldur heyrnar- og málleysingja, er þeim skuli komið til kenslu.

2. gr.

Foreldrar barns eða barnið sjálft greiða kostnað við ferð þess til skólans og frá honum að afloknu námi, svo og fatnað þann, er barnið á að hafa með sjer í skólann. Geti þau það ekki fyrir fátæktar sakir, greiðir hreppur sá, sem barnið á lögheimili í, kostnaðinn sem önnur útgjöld til barnafræeðslu.

Borgun fyrir fæði barnsins og fót, meðan það dvelur í skólanum, greiðist af foreldrum eða barninu sjálfu, að svo miklu leyti sem efnahagur þeirra leyfir, að dómi yfirstjórnar fræðslumála, þó aldrei meira en $\frac{2}{3}$ kostnaðar. Allur annar kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Börn þau, er eiga að góðu heimili að hverfa, fara þangað í sumarleyfinu, og greiðir ríkissjóður hálfan ferðakostnað. Öðrum börnum útvegar skólinn hentugan verustað til sumardvalar eða hefir þau sjálfur, og greiðist þá kostnaðurinn af framferanda, eftir sömu reglum og segir í síðari lið 2. gr.

4. gr.

Þegar daufdumbt barn hefir lokið námi og foreldrar þess eða aðrir vandamenn eru dánir eða eru ekki færir um að annast það sem skyldi, skal presti og oddvita í þeim hreppi, sem barnið á heimili í, vera skylt að sjá um, að því verði komið fyrir á góðu heimili, þar sem það getur haft sem best not þess, er það hefir numið.

5. gr.

Yfirstjórn fræðslumála getur sett reglugerð um tilhögun kenslunnar í

Daufdumbraskólanum og um önnur atriði, er skólann varða. Í reglugerðinni má ákveða, að taka megi til kenslu í skólanum, um lengri eða skemri tíma, málhölt og heyrnarsljó börn, sem geta ekki notið kenslu í öðrum skólum, blind börn og vitsljó börn, að svo miklu leyti sem fjárveiting til þessa er fyrir hendi.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun 26. febr. 1872, um kenslu heyrnar- og málleysingja.